



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til rekstrarfélaga verðbréfasjóða

12. janúar 2015  
Tilvísun: 2014010216

**Efni: Drög að leiðbeinandi tilmælum um lykilupplýsingar, umræðuskjal nr. 1/2015.**

Fjármálaeftirlitið sendir hér til umsagnar drög að leiðbeinandi tilmælum um lykilupplýsingar, sbr. meðfylgjandi umræðuskjal nr. 1/2015. Tilmælin eru sett til leiðbeiningar og nánari skýringar fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða varðandi þær kröfur sem lög og reglur kveða á um varðandi lykilupplýsingar til fjárfesta. Tilmælin byggja á eftirfarandi viðmiðunarreglum Evrópska verðbréfa- og markaðseftirlitsins (ESMA) um lykilupplýsingar:

- *Selection and presentation of performance scenarios in the Key Investor Information document (KII) for structured UCITS*
- *Transition from the Simplified Prospectus to the Key Investor Information document*
- *CESR's guide to clear language and layout for the Key Investor Information document*
- *CESR's template for the Key Investor Information document*
- *Methodology for the calculation of the synthetic risk and reward indicator in the Key Investor Information Document*
- *Methodology for calculation of the ongoing charges figure in the Key Investor Information Document*

Fjármálaeftirlitið mælist til þess að umsagnaraðilar kynni sér efni viðmiðunarreglna ESMA og hafi til hliðsjónar við gerð umsagna.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á meðfylgjandi umsagnareyðublaði. Umræðuskjalið og umsagnareyðublaðið má einnig nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is). Þess er óskað að umsagnir berist eigi síðar en 26. janúar nk.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rúnar Guðmundsson

Berglind Helga Jónsdóttir